

## Velkomin til helvítis. Vitnisburður um fangelsi í Ísrael Pyndingabúðir. Þjóðhetjan Elor Azaria

Árið 2016 eignuðust Ísraelar nýja þjóðhetju, hermann úr Varnarher landsins, Elor Azaria. Hann myrti særðan Palestínumann. Elor var dreginn fyrir rétt, dæmdur í 18 mánaða fangelsi, en var látinn laus, eftir 9 mánaða afplánun. Fólk flyktist á götur út og mótmælti dómnum.

Nú fjölgar þess konar þjóðhetjum. Ísraelsk stjórnvöld sáu sig tilneydd til láta til skarar skríða gegn pyndingaböðlum í einu herfangelsa sinna. Það var almælt orðið, að föngum væri nauðgað i endaparm. Þegar handtaka átti böðlana brutust út almenn mótmæli með þátttöku þingmanna. Því var fleygt, að nauðgun á föngunum, flestir almennir borgarar frá Gaza, læknað þar á meðal, væru mannréttindi í Ísrael.

Nýlega kom út enn þá ein skýrslan um illa meðferð Ísraela á palestínskum föngum, pyndingar. Í þetta sinn eru það ísraelsk mannréttindasamtök (B'Teem - The Israeli Information Center for Human Right in the Occupied Territories), sem tóku viðtöl við 55 fyrrverandi fanga. Niðurstaðan er í stuttu máli sú, að pyndingar og annað ofbeldi sé kerfisbundið stundað. Samkvæmt opinberum tölum frá ísraelskum stjórnvöldum eru tæplega 10.000 palestínskir fangar í Ísrael.

„Netpyndingar“ eða markviss sálhernaður á netinu er aukin heldur stundaður gagnvart almennum borgurum á Gaza. Þekkingu um persónulega hagi, safnað m.a. gegnum gervigreindarnjósni, er beitt til að etja fólki gegn hverju öðru og kúga það til uppljóstrana.

Í raun er ísraelskum yfirvöldum þvert um geð að fangelsa Palestínumenn eins og fjármálaráðherrann, Bezaiel Yoel Smotrich hefur ítrekað. Eiginlega væri réttlætanlegt að svelta þá í hel: „Við getum það [þó] ekki í þeim veruleika, sem við búum við. Enginn gæfi grænt ljós á sultardauða tveggja milljóna manna, jafnvel þótt það væri réttlætanlegt og siðlegt, þar til gíslum okkar verður sleppt úr haldi.“

Eins og kunnugt er, kallaði varnarmálaráðherrann, Yoav Gallant, Gazabúa „manndýr.“ Það gera reyndar einnig hugmyndafræðingar í íslenska sionistahreiðrinu.

Ofangreind mótmæli í þágu Ísraela, sem drepa og pynda „manndýrin“ eiga viðtækan hljómgrunn meðal þjóðarinnar, sbr. t.d. viðhorfskannanir á vegum hinnar virtu bandarísku stofnunar, Pew Institute.

Blaðamaðurinn, Dan Cohen, segir blóðhefnd og hatur í garð Palestínumanna fara eins og eldur í sinu um samfélagið. Það tekur annar blaðamaður, David Hearst, ritstjóri

Middle East Eye, undir. Almennt er litið á Palestínnumenn sem hryðjuverkamenn. Því eigi þeir dauðarefsingu skilið.

Í þessu viðfangi hvarlar hugurinn óhjákvæmilega til aðdáunar ísraelskra sionista á ítölskum og þýskum fasistum, nasistum. Ísraelar nutu aðstoðar þeirra og Bretar við að byggja upp leyniþjónustu sína og her. Bresk fangelsi eru enn í notkun.

Bretar eru enn hjálplegir. Fljúga t.d. hergöngum og bandarískum hermönnum til Gaza frá herstöð sinni á Kýpur og stunda þar njósnir í þágu ísraelska hersins.

Á meðan vagma blíðar öldur Miðjarðarhafs og Persaflóa bandaríska flotanum. Hann á að skerast í leikinn, þegar hamfarirnar breyta á fyrir alvöru.

Hvar er mannúðin og vitið í veröldinni? Ég spyr eins og fávís kvenfrelsari.

<https://consortiumnews.com/2024/08/03/patrick-lawrence-the-murder-of-ismail-haniyeh/>

[https://en.wikipedia.org/wiki/Killing\\_of\\_Abdel\\_Fattah\\_al-Sharif](https://en.wikipedia.org/wiki/Killing_of_Abdel_Fattah_al-Sharif)

<https://www.reuters.com/article/world/thousands-rally-to-call-for-release-of-israeli-soldier-who-shot-palestinian-assa-idUSKCN0XG2ME/>

<https://www.aljazeera.com/news/2016/4/1/israeli-soldier-released-to-open-detention>

<https://www.pewresearch.org/global/2024/05/30/israeli-views-of-the-israel-hamas-war/>

<https://truthout.org/articles/polls-show-broad-support-in-israel-for-gazas-destruction-and-starvation/>

<https://mondoweiss.net/2024/01/dont-believe-haaretz-and-the-nyt-israeli-society-fully-supports-the-gaza-genocide/>

[https://chrishedges.substack.com/p/israels-mask-is-slipping-w-david?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=778851&post\\_id=147445334&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://chrishedges.substack.com/p/israels-mask-is-slipping-w-david?utm_source=post-email-title&publication_id=778851&post_id=147445334&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://www.globalresearch.ca/solidarity-monolith-love-zionist-evil/5864261>

[https://www.thomasfazi.com/p/welcome-to-hell-israels-torture-camps?utm\\_source=post-email-](https://www.thomasfazi.com/p/welcome-to-hell-israels-torture-camps?utm_source=post-email-)

[title&publication\\_id=560592&post\\_id=147400316&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=103ae5&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://www.substack.com/p/when-will-iran-hezbollah-and-the?utm_source=post-email-title&publication_id=560592&post_id=147400316&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=103ae5&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2024/08/velkommen-til-helvete-tortur-og-voldtekt-i-israelske-fengsler/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/08/velkommen-til-helvete-tortur-og-voldtekt-i-israelske-fengsler/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.haaretz.com/israel-news/2024-08-05/ty-article/.premium/dozens-of-testimonies-from-palestinians-describe-israeli-jails-conditions-during-gaza-war/00000191-238f-d825-abd9-afaf1a3b0000>

[https://www.btselem.org/publications/202408\\_welcome\\_to\\_hell](https://www.btselem.org/publications/202408_welcome_to_hell)

[https://steigan.no/2024/08/smotrich-det-kan-vaere-moralsk-og-berettiget-for-israel-a-sulte-2-millioner-palestinere-i-hjel-i-gaza/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/08/smotrich-det-kan-vaere-moralsk-og-berettiget-for-israel-a-sulte-2-millioner-palestinere-i-hjel-i-gaza/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.timesofisrael.com/smotrich-it-may-be-justified-to-starve-2-million-gazans-but-world-wont-let-us/>

[https://beeley.substack.com/p/when-will-iran-hezbollah-and-the?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=716517&post\\_id=147415985&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://beeley.substack.com/p/when-will-iran-hezbollah-and-the?utm_source=post-email-title&publication_id=716517&post_id=147415985&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://beeley.substack.com/p/the-sword-of-damascus-interview-with?utm\\_source=podcast-email&publication\\_id=716517&post\\_id=147399909&utm\\_campaign=email-play-on-substack&utm\\_content=watch\\_now\\_gif&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://beeley.substack.com/p/the-sword-of-damascus-interview-with?utm_source=podcast-email&publication_id=716517&post_id=147399909&utm_campaign=email-play-on-substack&utm_content=watch_now_gif&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://www.declassifieduk.org/uk-covers-up-gaza-spy-footage-from-day-of-aid-worker-massacre/?utm\\_source=drip&utm\\_medium=email&utm\\_campaign=ICYMI+-News+You+Should+Know+About](https://www.declassifieduk.org/uk-covers-up-gaza-spy-footage-from-day-of-aid-worker-massacre/?utm_source=drip&utm_medium=email&utm_campaign=ICYMI+-News+You+Should+Know+About)

[https://www.kitklarenberg.com/p/zionist-extortion-racket-refuses?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=552010&post\\_id=147336028&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://www.kitklarenberg.com/p/zionist-extortion-racket-refuses?utm_source=post-email-title&publication_id=552010&post_id=147336028&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://consortiumnews.com/2024/08/01/un-finds-appalling-acts-of-torture-against-palestinians/>

[https://steigan.no/2024/08/usa-sender-krigsskip-til-midtosten-og-utsteder-sikkerhetsvarsel/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/08/usa-sender-krigsskip-til-midtosten-og-utsteder-sikkerhetsvarsel/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://consortiumnews.com/2024/06/24/the-treachery-of-the-nazi-zionist-alliance/>

<https://www.reuters.com/article/world/thousands-rally-to-call-for-release-of-israeli-soldier-who-shot-palestinian-assa-idUSKCN0XG2ME/>

<https://www.timesofisrael.com/smotrich-it-may-be-justified-to-starve-2-million-gazans-but-world-wont-let-us/>